

10. janúar 1972.

1

Nr. 1.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 245 31. desember 1963,
um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

100. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lögreglustjórar (í Reykjavík Gjaldheimtan, sbr. reglugerð nr. 95/1962) skulu innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert.

Innheimta skal þó fyrirfram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að $\frac{3}{4}$ hlutum þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár á þann hátt, er hér segir:

1. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að $\frac{3}{4}$ hlutum þeirra skatta, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Nú hafa tekjur gjaldanda á gjaldárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægri skattar verði lagðir á hann en árið áður, og getur hann þá krafist lækkunar á greiðslum skv. þessum tl. Skattstjóri ákveður lækkunina.

Nú verður ljóst, þegar álagningu lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álögðum sköttum nemur, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt $\frac{1}{2}$ % vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem féð var í vörzlum innheimtumanns.

2. Álagða skatta, að frádregnu því, sem greitt hefur verið skv. 1. tl., ber gjaldanda þá að greiða með fimm sem næst jöfnum greiðslum þann 1. ágúst, 1. sept., 1. októbr., 1. nóv. og 1. des.
3. Vangreiðsla að hluta skv. þessari gr. veldur því, að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Nú er skattur hækkadur svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtunni fyrir gjalddaga skv. 1. mgr. þessarar gr. sbr. 90. gr. eða í tilefni af kæru til ríkisskattaneðndar, sbr. 94 og 95. gr., ellegar vegna þess, að ríkisskattstjóri hafi lagt málið fyrir ríkisskattaneðnd, sbr. 97. gr., þá telst sú skatthækkun í gjalddaga fallin 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina, og skal hún tilkynnt í ábyrgðarpósti.

Taka má skatt lögtaki ásamt dráttarvöxtum, sbr. 101. gr. hjá gjaldanda sjálfum eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslu hans, sbr. 102.—108. gr. og 1. mgr. 109. gr.

Kæra frestar ekki greiðsluskyldu né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu skatts, en ef skattur er lækkadur eða felldur niður, skal endurgreiðsla þegar fara fram, sbr. 98. gr. Dráttarvexti má einnig endurgreiða.

2. gr.

110. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglur þær, sem settar eru í 100. og 101. gr. um gjalddaga, fyrirframgreiðslu og dráttarvexti og í 103. og 104. gr. um skyldur kaupgreiðenda til að halda eftir af kaupi til skattgreiðslu, skulu einnig gilda um innheimtu annarra þinggjalda en tekju- og eignarskatts og má taka slík gjöld lögtaki í einu lagi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. janúar 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.

1. gr.

1. málslíður a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með fimm jöfnum greiðslum er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í gjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að $\frac{3}{4}$ hlutum sameiginlegra gjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. janúar 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson